

Ed.

670. Breytingartillögur

[189. mál]

við frv. til laga um búnaðarfræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Búfræðslunefnd skal marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra, er að þeim vinna. Landbúnaðarráðherra skipar búfræðslunefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti: skólastjórar búnaðarskóla, einn fulltrúi úr hópi búfræðikennara, tilnefndur af félagi þeirra, tveir fulltrúar kosnir á Búnaðarþingi og fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu. Nefndarmenn starfi á kostnað þeirrar stofnunar sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

2. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar fasta kennara, sem skulu fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara.

Skipa skal a. m. k. 5 aðalkennara og auk þess aðstoðarkennara eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum skólastjóra og deildarstjórnar, og samkvæmt lögum um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, nr. 97/1974. Skólastjóri ræður stundakennara.

Aðalkennarar hafa umsjón með keunslu hver á sínu námssviði og skipuleggja rannsóknir og þjálfun nemenda á því sviði.